

Fundargerð

228. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 15. febrúar 2023 kl 14:00 í gegn um Teams

Fundarmenn

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Stefán Haukur Grímsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Þórey Agnarsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Endurskilgreining á viðtaka skólps frá Akureyri
3. Fyrirhugað geymslusvæði á Moldhaugnahálsi í Hörgársveit
4. Umferðarhávaði á Akureyri
5. Umsagnir
6. Útgefin starfsleyfi
7. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
8. Staðfestar skráningar
9. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir fundargerð síðasta fundar heilbrigðisnefndar sem haldin var þann 14. desember sl. þá var m.a. rætt um svifryk á Akureyri og umgengni utanhúss.

Samkvæmt upplýsingum frá Akureyrarbæ er búið að setja upp fleiri loftgæðamæla í bænum en gögn frá þeim eru hins vegar ekki orðin aðgengileg á síðunni loftgæði.is. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort niðurstöður úr sýnatökum sem tekin voru á sínum tíma hafi borist eða hvort til standi að endurtaka sýnatökuna. Í kjölfar síðasta fundar nefndarinnar fengu nokkrir lóðahafar tilmæli um að gera bragarbót á umgengi á lóðum sínum. Einhverjir hafa brugðist við en öðrum málum verður fylgt eftir þegar snjóla leysir.

2. Endurskilgreining á viðtaka skólps frá Akureyri

Umhverfisstofnun féllst í nóvember sl. á ósk Norðurorku þess efnis að Eyjafjörður sem er viðtaki skólps frá Akureyri yrði áfram skilgreindur síður viðkvæmur viðtaki í skilningi reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Í svari stofnunarinnar kemur m.a. fram að því að viðtakinn var síðast skilgreindur árið 2015 hafi niðurstöður umhverfisvöktunar leitt í ljós að vatnshlotið Eyjarfjarðarbotn 102-1321-C er í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og í góðu efnafræðilegu ástandi. Þessar niðurstöður ásamt niðurstöðum mælinga úr nýrri hreinsistöð í Sandgerðisbót sem sýna að hreinsistöðin dregur mjög úr álagi á vatnshlotið leiða til þess að nú ríkir ekki lengur óvissa um ástand þess.

Heilbrigðisnefnd fagnar því að ekki skuli lengur ríkja óvissa um ástand Eyjafjarðarbotns. Jafnframt fagnar nefndin þeim árangri sem náðst hefur í hreinsun skólps frá Akureyri. Nefndin er sammála Umhverfisstofnun um mikilvægi þess að standa vörð um ástand vatnshlotsins og leggur til að vöktun þess verði í samræmi tillögur stofnunarinnar. Á fundinum kom fram vilji til þess að fara í skoðunarferð í hreinsistöðina í tengslum við næsta nefndarinnar.

3. Fyrirhugað geymslusvæði á Moldhaugnahálsi í Hörgársveit

Hjá Hörgársveit stendur nú yfir vinna við gerð aðal- og deiliskipulags á Moldhaugnahálsi. Tillögurnar gera ráð fyrir margháttaðri starfsemi á hálsinum m.a. geymslusvæði, ferðaþjónustu, starfamannabúðum og steypustöð.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að nýlega veitti Skipulagsráð Akureyrarbær lóðarhafa við Sjafnarnes á Akureyri þriggja mánaða frest til þess að bæta úr umgengni á lóðinni að öðrum kosti yrðu lagðar á hann dagsektir. Í fréttatflutningi af málinu hefur verið haft eftir lóðarhöfum í Sjafnarnesi að ástæðan fyrir slæmri umgengni á lóðinni sé að skipulagsvinna fyrir geymslusvæði í Hörgársveit hafi dregist úr hófi.

Nefndin óttast að með skipulagningu og gerð geymslusvæðis á Moldhaugnahálsi sé einungis verið flytja vandamálið frá einum stað til annars, sem ekki ætti að vera valkostur í stöðunni. Nefndin bendir á nú þegar hefur allmiklu af lausamunum verið safnað upp á hálsinum og að umgengni um svæðið er lóðarhöfum til lítils sóma.

Heilbrigðisnefnd bendir á mikilvægi þess að í deiliskipulagi komi fram skýrir skilmálar varðandi umgengni á svæðinu, ekki síst innan geymslusvæðisins.

4. Umferðarhávaði á Akureyri

Borið hefur á kvörtunum vegna umferðarhávaða í íbúðarhúsum á Akureyri. Heilbrigðisnefnd vísar til aðgerðaráætlunar Akureyrarbæjar gegn hávaða sem kom út í ágúst 2015 hvar fram kemur að þá hafi 1.532 íbúðir á Akureyri búið við hljóðstig yfir 55dB(A) sem er viðmiðunargildi reglugerðar 724/2008 um hávaða, þar af voru 407 íbúðir sem bjuggu við hávaða yfir 60 dB(A)

Í aðgerðaráætluninni, sem unnin er af verkfræðistofunni Eflu kemur m.a. fram að fyrst um sinn verði horft til þeirra 24 íbúða þar sem umferðarhávaði reiknast yfir 65 dB (A). Í aðgerðaráætlun Vegagerðarinnar og Akureyrarbæjar gegn hávaða á árunum 2018-2023 kemur einnig fram að horft verði sérstaklega til svæða þar sem umferðarhávaði reiknast yfir 65 dB (A).

Heilbrigðisnefnd beinir þeirri fyrirspurn til Akureyrarbæjar og eftir atvikum Vegagerðarinnar til hvaða aðgerða hefur verið gripið frá árinu 2015 til þess að draga úr umferðarhávaða á Akureyri og hvaða árangri þær aðgerðir hafi skilað.

5. Umsagnir

1. Tillögur að aðal-og deiliskipulagi fyrir Moldhaugnaháls í Hörgársveit
2. Deiliskipulagstillaga fyrir Síðuskóla á Akureyri
3. Hliðrun á byggingarreit í landi Hróarstungu 3 í Fnjóskadal.
4. Breyting á aðalskipulagi Voga 1 í Mývatnssveit.
5. Grenndarkynning vegna breytingar á deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
6. Breyting á deiliskipulagi Norðurhafnar á Húsavík
7. Tillaga að breytingu aðalskipulags Norðurþings 2010-2030, vegna lagningu á jarðstreng.

6. Útgefin starfsleyfi

8. KURDO KEBAB ehf. kt. 470714-2390, Skipagötu 2, 600 Akureyri, matsölustaður .
9. Norðanmatur ehf. kt. 540219-1410, Þeistareykjum, 641 Húsavík, mötuneyti
10. Landsvirkjun kt. 420269-1299, Kröflustöð 660 Mývatn, mötuneyti
11. Gunnubúð ehf. kt. 640395-2499 (Verslunin Urð), Aðalbraut 35, 675 Raufarhöfn, Matvöruverslun
12. Samkaup ehf. kt. 571298-3769, Garðarsbraut 5, 640 Húsavík, Krambúðin matvöruverslun
13. Vesturkantur ehf. kt. 541008-0630, Strandgötu 33, 600 Akureyri, Sala á gistingu í 3 íbúðum
14. Ferðafélag Akureyrar kt. 670574-0249, víti við Öskju 660, Mývatn Sala á veitingum í skála Ferðafélagsins
15. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Lundarskóli 600 Akureyri, grunnskóli með fullbúnu eldhúsi
16. CJA, Aðalsteinn M Þorsteinsson, kt. 150769-5079, Hjalla 650 Laugum, Tjaldstæði
17. Marthen Elvar Veigarsson Olsen kt. 231291-2969, Eiðsvallagata 4, 600 Akureyri, útleiga á íbúð
18. Norðurorka hf. kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, Mötuneyti fyrir starfsfólk
19. 1926 ehf. kt. 630222-0870, Brekkugata 29 (íb.101), 600 Akureyri, útleiga á íbúð
20. H100 ehf. kt. 510322-0290, Hafnarstræti 100, 600 Akureyri, útleiga á íbúð
21. Ísfell ehf. kt. 480269-4119, Hjalteyrargötu 4, 600 Akureyri, móttaka á veiðarfæraúrgangi til endurvinnslu
22. Bryggjufélagið ehf. kt. 491098-2369, Hlíðarfjalli, 600 Akureyri, veitingasala
23. Skútaís ehf.. kt. 550419-1490, Álftagerði homestay, Álftagerði, 660 Mývatn, Gististaður í flokki II.
24. Ferðafélag Akureyrar kt. 670574-0249, Veitingasala í skála við Drekgil í Öskju. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**

25. Fisk Kompaní ehf. kt. 520613-0800, Glerártorgi, 600 Akureyri, Fisk og kjötsala ásamt sælkeravörum. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
26. Samkaup ehf. kt. 571298-3769, Glerártorgi, 600 Akureyri, Matvöruverslun. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa

7. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. Landsnet hf. Kt. 580804-2410, Laxárstöð, 660 Mývatn. Spennistöð ásamt aflspenni sem inniheldur 8.000 lítra af spennaolíu. **Umsagnarfrestur til 28.2.2023**
2. Fljótir flutningar ehf. Kt. 680308-2840, Steinholt 4, 685 Bakkafjörður, Dekkjaverkstæði, smurstöð og smáviðgerðir. **Umsagnarfrestur til 6.3.2023**
3. Ísfell ehf. Kt. 480269-4119, Suðurgarður 2, 640 Húsavík, Móttaka á veiðarfæraúrgangi til endurvinnslu. **Umsagnarfrestur til 10.3.2023**

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalin starfsleyfi verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillögurnar gefi tilefni til annars.

8. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022

1. ÁK smíði ehf. Kt. 45040-42840, Gránufélagsgata 45, 600 Akureyri niðurrif veggjplatna sem innihalda asbest

Heilbrigðisnefnd samþykkir ofantalda staðfestingu

9. Önnur mál

- Starfsmannmál: Auglýst verður eftir starfsmanni til sumarafleysinga á næstu vikum.
- Næsti fundur: Næsti fundur er fyrirhugaður í byrjun apríl og er stefnt að raunfundi og skoðunarferð á Akureyri

Fundi slitið kl. 15:05

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson